

Ed. **204. Frumvarp til laga** [92. mál]
um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og landingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafn-sögubátar og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar.
Nánar í framsögu.